

## **8. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017**

Fimmtudaginn 18. október kl. 18.00 var haldinn 8. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík.

Mætt voru: Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður. Herdís Hallmarsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson boðuðu forföll.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Lögð var fram fundargerð 7. fundar og var hún samþykkt og staðfest með undirritun fundarmanna þess fundar.

### **Dagskrá**

- 1. Samþykkt fundargerðar 7. fundar stjórnar**
- 2. Erindi Dagfinns Smára Ómarssonar um alhliðaveiðimeistaratitil, sem tekið var fyrir á fundi stjórnar 20. september sl., rætt**

Engin fordæmi eru fyrir sviptingu titla, hvort sem um ræðir vinnu-, veiði- og/eða sýningameistaratitla.

Stjórn leggur til að ábyrgð ræktunarstjórna deilda, þar sem vinnuþrófsárangurs til titla er krafist, verði meiri og að ræktunarstjórn þurfi að samþykkja umsókn um slíkan titil og sannprófa árangur viðkomandi hunda.

Stjórn harmar mistök við veitingu titilsins þar sem tilhlýðinn árangur var ekki til staðar.

Stjórn mun vinna í að gera verklag við veitingu titla skýrara og skilmerkilegra svo að mistök sem þessi geti ekki átt sér í framtíðinni.

- 3. Reglur um dómararáð HRFÍ í tegundahópi 7 lagðar fram til samþykktar**

Samþykkt.

- 4. Verklags- og siðareglur veiðiþrófsdómara HRFÍ innan tegundahóps 7 lagðar fram til samþykktar**

Samþykkt.

- 5. Ráðning nýs verkefnastjóra HRFÍ**

Guðný Rut Isaksen er nýráðinn verkefnastjóri Hundaræktarfélags Íslands og mun hefja störf 1. nóvember nk. Í september var starf verkefnastjóra auglýst og sá Sverrir Briem

hjá Hagvangi um allt ráðningarferlið. Þegar búið var að fara í gegnum allar umsóknir voru fulltrúar stjórnar HRFÍ boðaðir til að vera viðstaddir viðtöl nokkurra umsækjenda. Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Pétur Alan Guðmundsson voru fulltrúar stjórnar í viðtölunum. Var það einróma álit Sverris og fulltrúa stjórnar HRFÍ að Guðný væri mjög hæf í starfið enda með menntun og reynslu sem á án efa eftir að koma sér vel í starfinu.

Guðný er með BA-gráðu í sálfræði frá Acadia háskóla og MA-gráðu í ráðgefandi sálfræði frá McGill háskóla í Kanada. Einnig stundaði hún MS-nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Síðastliðin 10 ár starfaði Guðný sem ráðgjafi við markaðsrannsóknir hjá Gallup á Íslandi og stýrði þar meðal annars stórum Evrópuverkefnum. Áður en hún hóf störf hjá Gallup starfaði hún hjá Námsmatsstofnun sem verkefnastjóri PISA rannsóknarinnar á Íslandi og þar áður sem vefstjóri hjá Össuri.

Fundi slitið kl. 20.00. Næsti fundur stjórnar boðaður 3. nóvember kl. 18.00.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Daníel Hinriksson, Pétur Alan Guðmundsson og Guðbjörg Guðmundsdóttir.